

## Umsögn SKOTVÍS um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 169. mál.

Skotveiðifélag Íslands – SKOTVÍS er hlynt verndun hálandis Íslands enda er hálandið mikilvægt búsvæði fyrir marga veiðistofna s.s. gæsir, rjúpur og hreindýr. Hins vegar hafa þeir þjóðgarðar sem stofnaðir hafa verið síðustu ár haft í för með sér miklar takmarkanir á hefðbundnum nytjum eins og skotveiðum sbr. Vatnajökulspjóðgarður sem og algjört veiðibann í þjóðgarðinum á Snæfellsnesi.

Í ljósi þessa er stjórn SKOTVÍS ekki fylgjandi framkominni þingsályktunartillögu um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs og hvetur þingmenn til að hafna stofnun þjóðgarðsins á þeim forsendum sem koma fram í þingsályktunartillögunni.

SKOTVÍS bendir á eftirfarandi:

1. **Þjóðgarðar.** Á Íslandi í dag eru nú þegar starfandi þrír þjóðgarðar, í tveimur þeirra eru veiðar alfarið bannaðar, á Snæfellsnesi og Þingvöllum. Í þeim þriðja, Vatnajökulspjóðgarði, eru verulegar takmarkanir á veiðum þó svo aðeins hafi verið úr bætt eftir ítrekaðar athugasemdir frá SKOTVÍS. Miðað við innihald þingsályktunartillögunnr geta veiðimenn ekki vænst annars en að veiðum verði úthýst af svæðinu og er vert að taka fram að enn ríkir veiðibann norðan Höfsjökuls á gríðarstóru landsvæði sem sett var á án nokkurs samráðs við hlutaðeigandi og án nokkurs rökstuðnings byggðum á líffræðilegum forsendum veiðistofna.
2. **Samráð.** Við stofnun síðasta þjóðgarðs á Íslandi, Vatnajökulspjóðgarðs, var víðtæku samráði lofað og sama er uppi teningnum hvað þessa þingsályktunartillögu varðar. Samráði er enn og aftur lofað en fram til þessa hefur stjórnvöldum og embættismönnum ríkisins gengið illa að efna slík samráð og dæmi eru um að boðað hafi verið til svokallaðra samráðsfunda, sem voru í raun aðeins kynning á því hvernig stjórnvöld ætluðu sér að gera hlutina. Sporin hræða í þessum efnum og því tekur SKOTVÍS loforðum um samráð með fyrirvara.
3. **Friðlandið í Þjósárverum.** Núverandi friðland í Þjósárverum er óumdeilt af hálfu veiðimanna, enda er um mikilvægt varpland að ræða fyrir heiðargæsastofninn á Íslandi. Svæðin utan þess friðlands hafa verið nýtt til veiða án árekstra við aðra notendur svæðisins frá stofnun friðlandsins. Í nýjum friðlýsingarskilmálum sem hefur verið fjallað um síðustu ár eru veiðar taldar óæskilegar, án nokkurs rökstuðnings og veiðimönnum úthýst af svæðinu.

Það skal tekið fram að hér er ekki verið á nokkurn hátt að ýja að því að veiðar eigi að vera heimilar innan núverandi friðlands. Heldur það að á því svæði sem lagt er til að verði þjóðgarður, eru sjálfbærar veiðar stundaðar í dag og það er engin ástæða til þess að breyta því. Heiðagæsastofninn er firnasterkur og veiðar hafa hverfandi áhrif á hann. Tillögur í þá átt að banna alfarið veiðar á svæði sem telst mikilvægt varpland benda fáfræði og fordóma gagnvart veiðum, þar sem skotveiðar eru aðeins stundaðar á haustin löngu eftir að varpi lýkur og ungar eru orðnir fleygir. Spyrja má hvort þörf sé að vernda enn frekar langstærsta gæsastofn á Íslandi, heiðagæsina, sem hefur tífaldast að stofnstærð síðan um 1950 og telur í dag á milli 350 og 400 þús. fugla. Beitarálag er víða orðið mikið og heiðargæsir má orðið finna mjög víða á Íslandi, sem þekktist ekki á árum áður. Heiðargæsir verpa víða á Íslandi og eru Þjórásarver langt í frá að vera einu varpstöðvarnar.

4. **Mismunandi sjónarmið.** Umræðan um umhverfismál markast orðið því miður af miklum öfgum og sjónarmið almennings sem heimsækja hálendið og náttúruunenda heyrast því miður ekki nógu vel fyrir fyrir háværum röddum þeirra sem vilja virkja sem mest annarsvegar og þeirra sem vilja sem vernda svo til allt hinsvegar. Þarna á milli lendir hin venjulegi íslenski náttúruunandi og veiðimaður sem upplifir að rætt sé um að annaðhvort fari stór hluti hálendisins undir virkjanir og lón eða að öll eðlileg notkun og nýting hálendisins til útivistar verði bönnuð á þeim forsendum að koma verði í veg fyrir fleiri miðlunarlón og virkjanir.
5. **Refir.** Dæmin sanna að erfitt reynist að fá leyfi til refaveiða í þjóðgörðum. Refir sem eiga búsvæði og óðöl á hálendi Íslands hafa fátt um að velja annað en rjúpur yfir veturinn, og leggjast veiðarnar þungt á rjúpnastofninn. Mikil fjölgun refs s.l. ár er mikið áhyggjuefni, sérstaklega á því svæði sem lagt er til að þjóðgarðurinn verði.

-----  
Afstaða SKOTVÍS er skýr. Það er ekki þörf á fleiri þjóðgörðum Íslandi, að minnsta kosti ekki í bili. Þjóðgarðar og friðlýst svæði telja nú þegar á annað hundrað og eru oftast en ekki rekin langt undir kostnaðaráætlunum og hefur gengið illa að tryggja rekstur svæðanna á sómasamlegan hátt. Umgengni á hálendi Íslands má bæta mikið, en slíkt má gera á mun hagkvæmari hátt en að stofna enn einn þjóðgarðinn með tilheyrandi kostnaði og eftirlitshernaði.

Reykjavík 23. Janúar 2014.

**Virðingarfyllst,**  
**Stjórn Skotvís**